

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um útgjöld og notkun á almennum og sérsníðuðum hugbúnaði hjá undirstofnunum.

1. Hver hafa verið útgjöld undirstofnana sem heyra undir ráðherra vegna hugbúnaðar-kaupa frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsníðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar?

	Útgjöld vegna hugbúnaðar frá 2009	Þar af fyrir sérsníðuð kerfi	Þar af til kaupa á almennum hugbúnaði
Einkaleyfastofa	115.411.019	108.884.780	6.526.239
Ferðamálastofa	15.404.996*	*	*
Neytendastofa	25.376.731	0	250.000
Nýsköpunarmiðstöð	218.923.491	0	0
Orkustofnun	39.879.468	8.210.861	31.668.607
Samkeppniseftirlitið	76.454.309	0	656.481

*Ekki er sundurliðað frekar í bókhaldi Ferðamálastofu.

2. Hve háum fjárhæðum vörðu undirstofnanir til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?

Kostnaður við þjónustugjöld er túlkað sem þjónustusamningar og eru svörin sett fram í samræmi við það.

	Kostnaður í leyfisgjöld frá 2009	Kostnaður í þjónustugjöld frá 2009
Einkaleyfastofa	20.471.082	26.715.554
Ferðamálastofa	-	-
Neytendastofa	11.340.389	14.014.351
Nýsköpunarmiðstöð	59.657.987	61.263.937
Orkustofnun	12.362.635	12.761.430
Samkeppniseftirlitið	41.963.122	33.834.706

3. Hvaða sérsníðaða hugbúnað notar hver undirstofnun og:

- a. hver er eigandi hugbúnaðarins,
- b. eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,
- c. var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,
- d. hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,
- e. hver er tilgangur hugbúnaðarins?

Ferðamálastofa, Neytendastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samkeppniseftirlitið eru ekki með sérsníðaðan hugbúnað.

Einkaleyfastofa:

Sérsníðaður hugbúnaður sem stofnunin notar: Gagnagrunnur fyrir vörumerki, gagnagrunnur fyrir hönnun og gagnagrunnur fyrir einkaleyfi.

- a. Eigandi hugbúnaðarins er Einkaleyfastofa.
- b. Hugbúnaðarleyfi sem hugbúnaðurinn sem gefinn út eftir: Microsoft, Sharepoint, 4D og Linux/ubuntu.
- c. Hugbúnaðurinn var þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar: Að hluta.
- d. Kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins: 95.441.850 kr.
- e. Tilgangur hugbúnaðarins:

Að halda utan um umsóknir og skráningar um vörumerki auk þess að vera tæki til rannsóknar á skráningarhæfi vörumerkja, m.a. með tilliti til samanburðarleita. Að halda utan um umsóknir og skráðar hannanir auk þess að vera tæki til rannsóknar á skráningarhæfi hönnunar. Að halda utan um umsóknir og veitt einkaleyfi. Allir gagnagrunnarnir eru tengdir við alþjóðlega gagnagrunna.

Orkustofnun:

Sérsníðaður hugbúnaður sem stofnunin notar: Þjónustugátt, Niðurgreiðslukerfi raforku og Kortavefsjá fyrir hafsbotn.

- a. Eigandi hugbúnaðarins er Orkustofnun.
- b. Forritin eru öll í eigu Orkustofnunar.
- c. Hugbúnaðurinn var þróaður bæði af verktökum og innan stofnunarinnar.
- d. Kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins:
 Þjónustugáttin = 3.648.260 kr.
 Niðurgreiðslukerfi raforku = 1.041.982 kr.
 Kortavefsjá fyrir hafsbotn = 1.034.495 kr.
- e. Tilgangur hugbúnaðarins:
 Þjónustugáttin – rafræn samskipti fyrir umsækjendur og eftirlitsaðila.
 Niðurgreiðslukerfi raforku – eftirlit með ráðstöfun niðurgreiðslna.
 Kortavefsjá fyrir hafsbotn – birting rannsóknargagna og leyfisveitinga jarðefna.